

SKÓGARGUÐINN

Þegar John McNeil blés fyrstu tónana í Faun strax eftir hlé fannst mér einsog galdur færi um salinn, sviðið laufgáðist og við sem sátum þarna svifum í lausu lofti. Þegar kvartettinn lék Ruru hið afrískættaða í lokin magnaðist seðurinn og salur og svið sameinaðist í tónagaldrinum mikla.

Einn af meisturum tuttugustu aldarinnar hvarf af sviðinu örþreyttur, kom aftur blés Everything I Love og kvaddi þá sem komu til fundar við hann í Laugarásbíói að kvöldi fjórða október.

tónverk. Djassleikari í ætt við esplínu Davis og komanís. Frumlegur, skapandi, með breiðan tófratón. Svo nýtt stírn á djasshimninum að amerískir eru varla farnir að taka mark á honum enn. Fyrir rúmu ári kom fyrsta breiðskífa hans út hjá danska hljómplötufyrirtækinu Steeple-Chase. „Ég sendi um þrjátíu hljómplötufyrirtækjum snældu með tónlist minni, þar af fjórum evrópskum: Steeple Chase Enja, ECM og Polydor. Ýmis þeirra amerísku höfðu samband við mig, en þegar þeir komust að því hversu gjórsam-



Frá hljótleikum John McNeil í Laugarásbíói.



Jazz

eftir Vernharð Linnet

John McNeil kvartettinn í Laugarásbíói. Hver er þessi tóframaður. Hver er þessi John McNeil? Þólskættaður bandaríkjamaður, rúmlega þritugur spilar á trompet og semur

lega óþekktur ég var kom ekki til greina að gefa mig út. Af þeim evrópsku svarabi Steeple-Chase eitt og Nils Winther flaug til New York og tók upp plötu með mér: Embarkation, síðan

Fann sem kom út í september. Það er stórkostlegt að vinna hjá Nils Winther. Maður hefur alveg óbundnar hendur.”

Meðreiðarsveinar McNeils voru ekki af verri endanum. Gítarleikarinn Bill Bickford hefur leikið hér og þar, bæði í New York og München, en þetta er í fyrsta skipti að hann leikur með fastri hljómsveit og kom hann okkur svo sannarlega á óvart. Yndislegur gítarleikari á raneylinunni, skemmtilega hugmyndaríkur í samblöndum

hljóma og hlaupa. Bassaleikarinn Tom Warrington eyddi síðustu leyfum af fordómum mínum gagnvart rafmagnsbassanum og þurfti eitthvað meira en að sýna sig og sjá aðra til þess. Hann er margreyndur úr volki Buddy Rich bandsins. „Spilaði í þessum djótulsins einkennisbúningi sem ekki hafði verið hreinsaður í sex ár og kveið hverju kvöldi sem ég lék með geðsjúklingnum.” Trommarinn Mike Hayman var einna lengst að ná fullkomnu samspili

við hina piltana, en eftir magnþrunginn undirleik í Rudu fyrirgafst honum flest.

Þetta voru stórgóðir tónleikar. Og kannski var það besta við þá hversu frískir drengirnir voru. Sköpunargleðin ljómaði af þeim. Engin rútínuvinna á ferðinni. Vonandi eigum við eftir að fá John McNeil aftur í heimsókn og þá væri óskandi að þeir djassáhugamenn sem fjarri voru seðnum láti það eftir sér að lyfta sálinni uppi stjörnuhimininn.

Leikhús úti og inni

Það er sjaldan að menn fá tækifæri til að sjá leikmyndir og annan afrakstur leiktjaldamála á sýningu. Það er því góður fengur, sem nú birtist fólki á Kjarvalsstöðum og ber heitið Leikmyndin. Því miður stendur sýning þessi allt of stutt, eða aðeins tíu daga og lýkur henni áður en grein þessi er birt. Það er þó ástæða til að fjalla um þetta góða framlag,

þær glögga mynd af vinnubrögðum listamannanna. Um þróunarferil er ekki að ræða, þar sem hverjum listamanni er úthlutað afmarkað sviði og fá sýnishorn eru eftir hvern þeirra. Eins er því varið með teikningar á búningum. Aðeins fáar teikningar eru eftir hvern höfund og gefa þær því litla mynd af þróun hvers fyrir sig. Ljósmyndir fylgja sviðs-



Frá sýningu leiktjaldasmíða á Kjarvalsstöðum.

hún komast næst því að ljúka upp fyrir leikum hurð leyndardómanna, hvernig leiktjaldamálarar starfa.

Sýning þessi er hin athyglisverðasta, þrátt fyrir gloppurnar og sýnir hún að meðal leikmyndateiknara hér, eru margir frábærir fagmenn. Það væri því gaman að sjá ítarlega sýningu á

leikmyndum, vel útskýrða og greinagóða í Laugardalshöll, eða öðrum hlumustórum sal. Gætu þá ljósamenn verið með og sýnt kúnstir sínar um leið.

Ég vik nú frá leiktjöldum að tjaldlausu leikhúsi undir berum himni. Fyrir hálfum mánuði voru vegfarendur í Austurstræti aðnjótendur uppákomu. Þarna var hópur ungs fólks klæddur í munderingu sem líktist einna helst búnaði geimfara. Máluð í framan undir álfána, sem strekktur var milli stanga líkt og í kröfugöngu, marsáraði fylkingin eftir Lækjargötu og inn Austurstræti. Innkaupakerra og sjónvarp benti eindregið til, að uppákomu væri sett neyslupjóðfélaginu til höfuðs.


Þessi uppákoma sem var um hálf tíma löng, var greinilega framurskarandi upplýfting í grámyglulegri föstudagsönn. Fólk dreif hvaðanæva að og skemmti sér vel. Allur aðbúnaður (einkum þó búningar) var sérlega eftirtektarverður. Sýndi hópurinn að götuleikhúsi og uppákomur undir berum himni glæða hversdaginn lífi og njóta vinsælda meðal almennings.

Við borgum ekki á miðnætursýningar í Austurbæjarbíói

Miðnætursýningar í Austurbæjarbíói eru að verða fastur liður í leikhússtarfsemi í Reykjavík. Leikfélagið hefur á undanförunum árum verið með ærslaleiki þar til styrktar húsbýggingu sinni, og nú er Alþýðuleikhúsið að hefja þar á ný sýningar á hinum vinsæla ærslaleik Dario Fo. Við borgum ekki! Við borgum ekki!

Sýningar á verkinu eru orðnar yfir átíttu alls og aukasýningarnar í Austurbæjarbíói eru vegna hinnar miklu aðsóknar í fyrria.

— GA



Úr Við borgum ekki.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

einkum þar sem fæstir hugleiða þann skerf til leiksýninga og þá vinnu sem gerð leiktjaldar er. Slæm leiktjöld og sviðssetning geta eyðilaggt gott stykki. Eins geta góðar uppsetningar sviðs gert lélegt leikrit frambærilegt. Vald leikmyndateiknarans er því mikið.

Sýnendurnir eru fjórtán talsins. Eins og fram kemur á því fjórlitlaða blaði sem sýningunni fylgir, vantar marga leikmyndateiknara og er því sýningin alls ekki tæmandi. Þar að auki er einungis leikhústjöldum gerð skil, en hvorki sjónvarps- né kvikmyndatjöldum. Þó fá gestir nokkuð gott yfirlit á vinnu leiktjaldar, búningateiknun og leikmunum.

Mikill fjöldi er af makettum (litlum sviðsmyndum) og gefa

myndunum, til frekari skýringa. Síðan er fyllt upp í sýninguna með leikmunum.

Þó svo að sýning þessi færi leikmanni heim sanninn um þá gífurlegu vinnu sem að baki leiktjaldagerðar felst, hefði mátt gera miklu betur. Í staðinn fyrir Flugleikinn, hefði mátt veita sýningargestum miklu meiri upplýsingar um vinnubrögð. Hvernig eru þessir hlutir gerðir? Hvernig fara leiktjaldateiknarar að? Hvert er upphaf og endir: byrja leiktjaldamálarar á að gera sviðið? Vinna þeir leiktjöldin og búninga eftir að þeir hafa séð æfingar? Þarna er aðeins Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir, sem reynir að sýna þróun sviðsmyndar og hvernig uppbygging hennar á sér stað. Að öðrum ólöstuðum finnst mér



Gatan notuð sem leiksvið.

ÓBORGANLEG SKEMMTUN

Sýning sem gekk fyrir fullu húsi í allan fyrravetur

VIÐ BORGUM EKKI! VIÐ BORGUM EKKI!

Miðnætursýning í Austurbæjarbíói laugardagskvöld kl. 23,30

Út blaðausmögnum:

„Allt ætlaði um koll að keyra hjá áhorfendum — Óborganleg skemmtun” (Vísir)

„Óvenju heilsteypt sýning” (Mbl)

„Galsafengin sýning” (Þjv)

„Og nú er hægt að mæla eitt sinn með góðri samvisku með ósvikum hlátursleik í bænnum” (Dbl)



Miðasala í Austurbæjarbíói frá kl. 4 í dag — Sími 11384

Alþýðuleikhúsið